



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 552 6700, Fax: 562 2516

Alþingi
Erindi nr. P 123/706
komudagur 18.12.'98

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Þórshamri,
Alþingi.

Reykjavík, 16/12 '98.

Heiðraða þingnefnd !

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Í 50. gr. frv., gildistökuákvæði, kemur fram að hér sé um að ræða sjálfstæða lagaviðbót við lög um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá, lög nr. 19 1988.

Í 3. grein frv. segir að sjálfseignarstofnun teljist stunda atvinnurekstur, ef hún hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu. Við yfirllestur frv. kemur í ljós að hvað Öryrkjabandalag Íslands snertir þá varða lög þessi aðeins þá sjálfseignarstofnun er ber heitið Hússjóður Öryrkjabandalagsins, en hann starfar skv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá frá 1966.

Um hlutverk Hússjóðs segir svo: Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðarhús fyrir öryrkja. Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn ná bæði með því að kaupa húsnæði í þessum tilgangi, svo og byggja hús. Íbúðarhúsnæði þetta mun sjóðurinn leigja öryrkjum fyrir hæfilegt verð.

Allt frá því að byggingar risu hér í Hátúni 10 hefur Hússjóður rækt þetta hlutverk sitt dyggilega og allt frá tilkomu Íslenskrar getspár árið 1987 hefur Öryrkjabandalag Íslands innt af hendi til Hússjóðs árlegt framlag, enda löggin um Íslenska getspá með þunga áherslu á úrlausn húsnæðismála öryrkja hvað hlut Öryrkjabandalagsins varðar í ágóðahlut Íslenskrar getspár.

Hússjóður á nú og rekur um 540 íbúðir um land allt, þó lang flestar þeirra séu á Stór-Reykjavíkursvæðinu, enda þörfin þar ótvírætt brýnust. Þrátt fyrir þennan íbúðafjölda er hjá Hússjóði í dag biðlisti fólks í húsnæðisþörf upp á 270 manns.

Öryrkjabandalag Íslands telur eðlilegt að hið opinbera vilji hafa eitthvað um sjálfseignarstofnanir að segja, enda var frá því gengið í hinni staðfestu skipulagsskrá fyrir Hússjóð Öryrkjabandalagsins, að í stjórn Hússjóðs sæti fulltrúi frá félagsmálaráðuneyti og hefur það í hvívetna gefið góða raun.

Okkar athugasemdir við frv. þetta miðast hinsvegar við það að okkur þykir sem starfsemi Hússjóðs sé öll á hinu félagslega sviði og sé auk þess með fulltrúa ríkisvaldsins í stjórn sinni skv. staðfestri skipulagsskrá.


Við sjáum það í dönskum lögum sem um sama málefni fjalla og munu hafa verið allnokkuð til hliðsjónar höfð við þessa frumvarpssmið, að þar er skýrt tekið fram í 1.gr. þeirra laga að: “Lög þessi taka ekki til: tl.3. félagslegra húsnæðisfélaga”. Okkur þætti eðlilegt með hliðsjón af framanrituðu að slíkt undanþáguákvæði væri einnig í íslenskum lögum.


Öryrkjabandalag Íslands tekur að öðru leyti ekki afstöðu til einstakra frumvarpsgreina en fer þess eindregið á leit við heiðraða nefnd að hún taki inn hliðstætt undanþáguákvæði um félagsleg húsnæðisfélög og er í dönsku lögunum. Aðeins þykir Öryrkjabandalaginu það vafasamt hvað varðar sjálfseignarstofnanir almennt að “ráðherra velji stjórnarmenn að nokkru leyti eða öllu” s.s. segir í 14.gr. frv.

Við væntum þess að Alþingi þyki ósk okkar um undanþáguákvæði eðlileg m.t.t. þess að sú skipan er í gildi nú og mun áfram verða að fulltrúi ráðherra geti fylgst með öllum gjörðum Hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Öryrkjabandalags Íslands


Haukur Þórðarson, formaður


Helgi Seljan, framkvæmdastjóri